

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/778
komudagur 15.1.2003

Samgöngunefnd Alþingis

Reykjavík 09-01-03

Varðandi tillögu til Þingsályktunar um bættar samgöngur milli lands og Vestmannaeyja.

Íslandsflug tekur undir að góðar skipa- og flugsamgöngur milli lands og Vestmannaeyja eru mjög nauðsynlegar fyrir Vestmannaeyinga.

Til að fyrirbyggja misskilning þá hefði mátt orða setninguna um að flugfélög hafi hætt reglulegu áætlunarflugi til Eyja öðruvísi, þannig að halda mætti að engar flugsamgöngur séu milli lands og Eyja. Ferðatíðni er svipuð og hún hefur verið síðustu ár.

Það má vera að skip sem orðið er 10 ára teljist gamalt en til fróðleiks þá telst það ekki hár aldur hjá flugvélum. Þess má geta að flugvélafloti Íslenskra innanlandsáætlunarbáta er ekki yngri en skipið.

Vissulega væri mjög þægilegt að hafa skemmri fartíma og meiri flutningsgetu á flutningsmiklum dögum, en þeir eru ekki margir á árinu. Helt á sumrin, þegar fólk er að fara í helgarferðir. Mætti ekki bæta við þriðju ferðinni á háannatímanum?

Núverandi samgöngur standast í grófum dráttum kröfum fólksins um samgöngur þar sem Herjólfur fer tvisvar á dag á sumrin alla daga, nema laugardaga fer hann eina ferð. Á veturna fer hann eina ferð á dag alla daga og tvisvar á föstudögum. Farþegum Herjólfur hefur fjölgað til muna síðustu 2 árin á kostnað flugsins. Enda eru ferðir Herjólfur niðurgreiddar en ekki flugsætin.

Það má spyrja sig ef eftirspurnin væri meiri fyrir skipaflutninga; afhverju fækkar ferðum þá á veturna?

Íslandsflug býður upp á 18 flug í viku með 19 sæta flugvél og sætanýtingu aðeins í 55%. Þrjú flug 4 daga vikunnar og tvö flug þrjú daga vikunnar. Flugfélag Vestmannaeyja býður upp á flug til Bakka og Selfoss, nánast, hvenær sem fólki hentar.

Flugfarþega-sætum hefur fækkað mikið milli lands og Vestmannaeyja, en það er bara eftirspurn og framboð sem ræður því. Ef eftirspurnin væri meiri þá væri aukning á sætum og lækkun á gjöldum.

Það hafa verið órofnar flugsamgöngur milli lands og Vestmannaeyja síðustu áratugin. Ástæðurnar fyrir því að Íslandsflug hætti á sínum tíma, tímabundið, var sú að flugleiðin bar ekki samkeppnina milli Íslandsflugs og Flugfélags Íslands. Þegar Flugfélag Íslands ákveður að hætta flugi til Vestmannaeyja, byrjaði Íslandsflug aftur á flugi til Eyja, sem og Jórvík, en Jórvík hætti eftir nokkra mánaða flug. Þetta sýnir því miður að eftirspurnin hefur ekki verið nægjanleg til að fjölga sætum.

Meginástæðan fyrir því að ferðaskrifstofurnar eru hikandi að selja dagsferðir til Eyja er sú að það kom fyrir að flugum varð að aflýsa vegna veðurs og þá sátu ferðamennirnir eftir, en þar sem Herjólfur fer núna tvær ferðir á sumrin þá á þetta ekki að skipta máli og ferðamennirnir komast aftur til lands með kvöldskipinu ef flugið er ófært. Þeir ferðamenn sem vilja fara til Eyja fara þangað hvort sem siglingin tekur eina eða þrjú klukkustundir. Eyjarnar eru það sérstakar að fólk lætur flutningstíman ekki aftra sér. Sérstaklega ekki ef það getur flogið aðra leiðina og siglt hina.

Það er langt síðan að samgöngur til Vestmannaeyja hafa verið jafngóðar og í dag. Ferðatíðni Herjólfur hefur aldrei verið meiri, áreiðanleiki í flugsamgöngum hefur aukist eftir að Íslandsflug tók við áætluninni og ferðatíðni milli Vestmannaeyja og Bakka aldrei verið meiri.

Eins og áður segir þá er Íslandsflug sammála nefndinni um að góðar skipa og flugsamgöngur séu nauðsynlegar fyrir fólkið og atvinnulífið í Vestmannaeyjum og á landinu. Einnig vill Íslandsflug alls ekki láta draga úr þeirri þjónustu sem Eyjamenn hafa í dag og vill auðvitað bæta hana. Það kemur að því að það þarf að skipta Herjólfur út fyrir nýtt skip, en það mætti setja þá peninga í annað þangað til sú þörf er orðin brýnni.

Virðingarfyllst,

Pétur Hafliðason,
Forstöðumaður Íslandsflugs innanlands.